

Til seljenda gistingar í Fjarðabyggð

Upplýsingar um auglýst gistirými til ferðamanna er að finna á sérstökum vefsíðum. Þær síður eru opnar öllum og veita sveitarfélögum, embættum sýslumanna, heilbrigðiseftirliti, vinnueftirliti og öðrum opinberum aðilum aðgang að upplýsingum um auglýst gistirými.

Áður en heimilt er að selja gistirými til ferðamanna þarf að uppfylla tiltekin skilyrði.

- Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar.
- Þá skal samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 skal sækja um rekstrarleyfi (gistileyfi) til Sýslumannsins á Austurlandi, en skilyrði fyrir útgáfu leyfis er jákvæð umsögn frá byggingarfulltrúa, eldvarnareftirliti, heilbrigðiseftirliti og sveitarstjórn.

Skorað er á þá sem í dag auglýsa eða selja gistirými án tilskilinna leyfa, að sækja strax um starfs- og rekstrarleyfi.

Við auglýsingu á gistirými eða annarri staðfestingu um slíka nýtingu á húsnæði er Fjarðabyggð heimilt að hækka fasteignagjöld gistirýmis í atvinnurekstrarflokk.

Gistirými sem fengið hefur starfs- og rekstrarleyfi í Fjarðabyggð, annað hvort í hluta húsnæðis eða öllu, verður nú sett í atvinnurekstrarflokk.

Þeim aðilum, sem þegar eru með tilskilin gistileyfi verður á næstunni sent bréf, þar sem ákvörðun um hækkun fasteignagjalda í atvinnurekstrarflokk verður kynnt.

